

# Indre Nordnes - Noregi



Jarðgögnin sem grafa á er hluti af þjóðveginum E6 sem liggur frá Trelleborg í Svíþjóð upp til Kirkenes og er alls 3.140 km langur. Þessi vegur er aðalvegtenging á milli suður Noregs og norður Noregs og liggur alla leið norður til Rússlands.

Hann liggur í gegnum Tromsø fylki og í kringum Nordnesfjellet sem er í Kåfjord fylki. Leiðin um Nordnes hefur verið erfið yfirferðar á veturna vegna snjóflóðahættu, ekki ósvipað eins og var í Óshlíðinni.

Jarðgöngin verða 5.8 km löng og stytta leiðina um 8 km. Ný brú verður byggð yfir Manddalsá, vegskálar og nauðsynlegar vegtengingar gerðar.

Aðalbækistöðvar okkar verða í Manddalen sem lítið þorp sem liggur nánast mitt á milli Tromsø (150 km) og Alta.

Undirbúningur er kominn vel af stað og verður byrjað á forskerjingum fyrir jól. Ef allt gengur eftir hefst jarðgangagröftur í febrúar 2015

## Verkkaupi

Norska vegagerðin

## Verkefni hefst

Nóvember 2014

## Eftirlit

Norska vegagerðin

## Verkefni lokið

2017

## Helstu magntölur

Laus jarðvegur: 20.700 m<sup>3</sup>  
Gröftur úr jarðgöngum: 462.000 m<sup>3</sup>  
Bergþétting: 150 tonn  
Sprautusteypa: 25.000 m<sup>3</sup>  
Bergboltar: 37.900 stk  
Vatnasklæðningar: 70.200 m<sup>2</sup>  
Steypa í brú: 2.000 m<sup>3</sup>  
Vegagerð: 782 metrar